

Þess skal getið, að málflutningur í máli þessu var geymdur á talvél, og gat því dómarninn stuðst við þá upptöku eftir þörfum. Jón Eysteinnsson sýslumaður kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Við úthlutun á uppboðsandvirði m/b Hannesar lóðs, VE 7, sem seldur var á nauðungaruppboði 19. júní 1975, skal krafa Pósts og síma um greiðslu talstöðvargjalda greiðast á undan kröfum veðhafa í framangreindan bát og á eftir þeirri kröfu, en á undan kröfum veðhafa, skal greiðast upp í kröfur Sam-ábyrgðar Íslands á fiskiskipum og Vélbátatryggingar Reykjanes í réttu hlutfalli við kröfur þeirra. Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 22. maí 1980.

Nr. 98/1977. **Kjartan Gunnarsson**
Geir Waage
Anna K. Jónsdóttir og
Tryggvi Agnarsson
 (Jón Steinar Gunnlaugsson hdl.)
 gegn
Garðari Mýrdal
Eiríki Brynjólfssyni
Gunnlaugi Ástgeirssyni
Jóni Guðna Kristjánssyni og
Halldóri Ármanni Sigurðssyni
 og gagnsök
 (Ingi R. Helgason hrl.).

Lögmæti félagsfundar. Fundarsköp. Lögbann.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús P. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Aðaláfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. júní 1977. Gera þeir þessar dómkröfur:

1. Að viðurkennt verði með dómi, að aðalfundur í Stúdentafélagi Háskóla Íslands, haldinn í Reykjavík hinn 23. mars 1976, hafi verið löglegur.
2. Að viðurkennt verði með dómi, að gagnáfrýjendum hafi verið óheimilt, eftir að stjórnarkjóri lauk á framangreindum aðalfundi, að birta auglýsingar og tilkynningar eða rita blaðagreinar í nafni stjórnar Stúdentafélags Háskóla Íslands eða koma fram á annan hátt í nafni löglegrar stjórnar félagsins.
3. Að gagnáfrýjendur verði dæmdir til að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur áfrýjuðu málinu með stefnu 14. desember 1977, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 5. s. m.

Gagnáfrýjendur gera þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: Að málinu verði vísað frá Hæstarétti og gagnáfrýjendum verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjenda.

Varakrafa: Að héraðsdómurinn verði staðfestur og aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða gagnáfrýjendum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjendur kröfðust þess í áfrýjunarstefnu, að staðfest yrði lögbann það, sem í héraðsdómi greinir. Með því að málinu var ekki áfrýjað innan þess frests, sem til er tekinn í 2. mgr. 23. gr., sbr. 27. gr. laga nr. 18/1949, féllu þeir frá þessari kröfu við munnlegan flutning málsins.

Gagnáfrýjendur áfrýjuðu málinu í öndverðu einnig gagnvart Sigurði Helgasyni, sem var aðili málsins í héraði, en þeir féllu síðar frá áfrýjun að því er hann varðar.

I.

Gagnáfrýjendur styðja frávísunarkröfu sína þeim rökum, að stefnendur málsins í héraði hafi verið þeir fimm menn, sem talið hafi sig rétt kjörna í stjórn Stúdentafélags Háskóla Íslands á aðalfundinum 23. mars 1976. Líta verði svo á, að

þeir eigi óskipta sakaraðild í málinu. Einn þeirra, Sigurður Helgason, standi ekki að áfrýjun héraðsdóms. Leiði þá ákvæði 46. gr. laga nr. 85/1936 til þess, að vísa beri málinu frá Hæstarétti.

Eigi verður á það fallist, að dómkröfur aðaláfrýjenda séu þannig vaxnar, að réttarfarsnauðsyn hafi verið vegna ákvæða 46. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973, að allir stefnendur málsins í héraði stæðu að áfrýjun héraðsdómsins, sem varðar félagsréttindi þeirra. Verður málinu eigi vísað frá Hæstarétti af þessum sökum.

Í öðru lagi benda gagnáfrýjendur á það, að hinn 22. mars 1977 hafi 35 stúdentar boðað til aðalfundar í Stúdentafélagi Háskóla Íslands, af því að engin starfhæf stjórn hafi þá verið í félaginu, enda hafi stjórnin, sem boðaði til hins umdeilda fundar 23. mars 1976, og sú stjórn, sem kosin var á þeim fundi, hvor um sig verið búin að fá lagt lögbann við því, að hin stjórnin rækti stjórnarstörf í félaginu. Samkvæmt áðurgreindu fundarboði hafi verið haldinn félagsfundur 31. mars 1977 og félaginu kosin ný stjórn. Málsaðiljar geti því ekki héðan af með dómi orðið stjórnarmenn í lögmætri stjórn í félaginu. Samkvæmt því og þar sem engar fjárkröfur séu hafðar uppi í málinu, geti dómur í málinu aðeins haft þýðingu sem lögfræðilegt álit um það, hvor aðilja hafi haft á réttu að standa. Beri því einnig af þessum ástæðum að vísa málinu frá Hæstarétti.

Telja verður, að það hafi skipt aðaláfrýjendur máli að lögum að bera mál þetta undir dómstóla svo og að þeim hafi verið rétt að skjóta hinum áfrýjaða dómi til Hæstaréttar. Standa hvorki 66. gr. né 67. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973, því í vegi, að málið verði dæmt í Hæstarétti.

II.

Ekki verður á það fallist með aðaláfrýjendum, að héraðsdómari hafi í dómsorði sínu farið út fyrir dómkröfur aðilja.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjendum 300.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjendur, Kjartan Gunnarsson, Geir Waage, Anna K. Jónsdóttir og Tryggvi Agnarsson, greiði gagnáfrýjendum, Garðari Mýrdal, Eiríki Brynjólfssyni, Gunnlaugi Ástgeirssyni, Jóni Guðna Kristjánssyni og Halldóri Ármanni Sigurðssyni, 300.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 31. mars 1977.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 30. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með réttarstefnu, útgefinni 6. apríl 1976 og birtri 8. apríl, 21. apríl, 26. apríl og 4. maí 1976.

Stefnendur málsins eru Kjartan Gunnarsson laganemi, Ásvallagötu 17, Sigurður Helgason sagnfræðinemi, Holtsgötu 23, Geir Waage guðfræðinemi, Garðastræti 43, Anna Jónsdóttir lyfjafræðinemi, Langholtsvegi 92, öll í Reykjavík, og Tryggvi Agnarsson laganemi, Sunnubraut 22, Kópavogi.

Stefndu eru Garðar Mýrdal háskólanemi, Bogahlíð 26, Eiríkur Brynjólfsson háskólanemi, Norðurstíg 5, Jón Guðni Kristjánsson háskólanemi, Miklubraut 16, allir í Reykjavík, Gunnlaugur Ástgeirsson háskólanemi, Sæbóli, Seltjarnarnesi, og Halldór Ármann Sigurðsson háskólanemi, Lyngbrekku 13, Kópavogi.

Dómkröfur stefnenda eru þessar:

- „1. Að viðurkennt verði með dómi, að aðalfundur í Stúdentafélagi Háskóla Íslands, haldinn þ. 23. marz 1976, hafi verið löglegur,
2. að viðurkennt verði með dómi, að stefndu hafi verið óheimilt, eftir að stjórnarkjöri lauk á framangreindum aðalfundi, að birta auglýsingar, tilkynningar og að rita blaðagreinar í nafni stjórnar Stúdentafélags Háskóla Íslands eða á annan hátt að koma fram í nafni löglegrar stjórnar félagsins,
3. að staðfest verði lögbann, sem þ. 1. apríl 1976 var lagt við því, að stefndu héldu boðaðan aðalfund í Stúdentafélagi Há-

skóla Íslands og jafnframt við allri frekari starfsemi þeirra í nafni stjórnar Stúdentafélags Háskóla Íslands,

4. að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnendum málskostnað skv. gjaldskrá L.M.F.Í. ásamt kostnaði vegna framangreindrar lögbannsgæðar.“

Dómkröfur stefndu eru nú þessar:

- „1. Að hrundið verði með dómi þeirri kröfu stefnenda (nr. 1 í stefnu) að aðalfundur í Stúdentafélagi Háskóla Íslands, haldinn 23. marz 1976, hafi verið löglegur að því er tekur til kosningar félagsstjórnar.
2. Að umbjóðendur mínir verði sýknaðir af þeirri kröfu stefnenda (nr. 2 í stefnu) að stefndu sé óheimilt að birta auglýsingar, tilkynningar eða á annan hátt koma fram í nafni löglegrar stjórnar Stúdentafélags Háskóla Íslands.
3. Að hrundið verði staðfestingarkröfu stefnenda (nr. 3 í stefnu) og þar með verði hrundið lögbanni því, sem 1. apríl 1976 var lagt við því, að lögmæt stjórn í Stúdentafélagi Háskóla Íslands héldi boðaðan framhaldsaðalfund í félaginu þann dag og jafnframt við allri annarri starfsemi þeirrar stjórnar í félaginu.
4. Að stefnendur verði dæmdir til að greiða umbjóðendum mínum riflegan málskostnað í máli þessu, þ. m. t. kostnað vegna lögbannsgæðarinnar.“

Ítrekaðar sáttaumleitanir dómara hafa ekki borið árangur. Þess skal getið, að dómariinn fékk þetta mál til meðferðar 21. jan. s.l.

II.

Málavextir eru þeir, að á aðalfundi Stúdentafélags Háskóla Íslands, sem haldinn var 16. apríl 1975, voru stefndu kosnir í stjórn félagsins. Þegar stefndu tóku við stjórn félagsins, voru eftirfarandi ákvæði meðal annars í lögum félagsins:

- „2. grein Tilgangur félagsins er að halda vörð um sjálfstæði Háskóla Íslands, menningarlega hagsmuni stúdenta og þjóðlega reisu, ennfremur að halda vetrarfagnað og Rússagildi.
3. grein Félagsmenn eru allir innritaðir stúdentar við Háskóla Íslands.
4. grein Stjórn félagsins er skipuð 5 mönnum, formanni, sem kosinn skal sérstaklega, og fjórum meðstjórnendum, sem kosnir skulu einstaklingsbundinni kosningu. Stjórnarkjör fer fram á aðalfundi félagsins.

5. *grein* Aðalfundur félagsins skal haldinn í marsmánuði ár hvert.
6. *grein* Dagskrá aðalfundar skal vera:
 1. Skýrsla formanns.
 2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykktar.
 3. Lagabreytingar.
 4. Kosning stjórnar.
 5. Kosning tveggja endurskoðenda fyrir næsta starfsár.
 6. Önnur mál.
7. *grein* Stjórnin getur boðað til almenns stúdentafundar um mikilsverð málefni. Eru þeir ályktunarhæfir, ef tíundi hluti innritaðra stúdenta tekur þátt í þeim og greiðir atkvæði. Ennfremur geta 30 stúdentar krafist fundar, og skal stjórn skylt að verða við þeirri kröfu í síðasta lagi 7 dögum eftir að hún kemur fram.“

Stefndu boðuðu til aðalfundar 1976 innan tilskilins frests með svofelldri auglýsingu:

„Aðalfundur Stúdentafélags Háskóla Íslands verður haldinn þriðjudaginn 23. marz 1976 kl. 17 í hliðarsal Félagsheimilis stúdenta við Hringbraut.

Dagskrá:

1. Skýrsla formanns.
 2. Endurskoðaðir reikningar.
- Fram til samþykktar:
3. Lagabreytingar.
 4. Kosning stjórnar.
 5. Kosning tveggja endurskoðenda.
 6. Önnur mál.

Stjórnin“

Aðalfundurinn var settur á hinum boðaða degi, kl. 1720, í hliðarsal Félagsstofnunar stúdenta við Hringbraut. Formaður félagsins, stefndi Garðar Mýrdal, skipaði stefnda Jón Guðna Kristjánsson til að vera fundarstjóra, og skipaði sá síðarnefndi Eirík Brynjólfsson fundarritara. Virðist formaðurinn hafa leitað eftir athugasemdum við þessa skipun, en engin athugasemd hafi borist. Fundarstjóra, stefnda Jóni Guðna, barst dagskrártillaga frá formanninum, stefnda Garðari Mýrdal. Dagskrártillaga þessi hafði að geyma m. a. tillögu þess efnis, að kosningu stjórnar og endurskoðenda yrði frestað til framhaldsaðalfundar, sem yrði boðaður

fyrir 1. maí 1976. Tillagan var borin undir atkvæði. Fundurinn var nú fluttur í aðalsal hússins. Þar var dagskrártillagan borin undir atkvæði. Dagskrártillagan var felld með 88 atkvæðum gegn 37. Þá kom fram tillaga um, að fundarstjóra yrði vikið frá störfum. Var sú tillaga samþykkt. Stungið var upp á Kjartani Gunnarssyni, stefnanda þessa máls, sem fundarstjóra, og var hann kosinn. Kjartan skipaði Hannes Gissurarson fundarritara með Eiríki Brynjólfssyni. Er hér var komið, barst dagskrártillaga frá Geir Waage, svohljóðandi:

„Legg til, að röð dagskrárliða verði sem hér segir: Liður 4 verði tekinn fyrir nú þegar, síðan liður 3, þá liður 5, þá liður 2, síðan liður 1, loks liður 6.“

Tillagan var samþykkt með yfirgnæfandi meiri hluta atkvæða, og var gengið til dagskrár samkvæmt henni. Var fyrst gengið til kosningar stjórnar. Voru stefnendur málsins kjörnir í stjórn, og var Kjartan Gunnarsson kosinn formaður. Vantrauststillaga barst á fundarstjórnann, Kjartan Gunnarsson, en var felld með 87 atkvæðum gegn 52. Var því næst fjallað um lagabreytingar, og bárust meðal annars eftirgreindar tillögur til lagabreytinga:

„1. Breytingatillaga við 4. gr.:

Núverandi 4. gr. falli niður, í stað hennar komi ný grein svohljóðandi: Stjórn félagsins er skipuð 5 mönnum, formanni og 4 meðstjórnendum, sem skipta sjálfir með sér verkum, stjórnin skal kjörin í allsherjar póstkosningu meðal allra félagsmanna í marz ár hvert. Stjórn félagsins skal semja og birta reglugerð um tilhögun kosninganna, framboð, framboðsfresti og annað, sem þurfa þykir.

2. Breytingatillaga við 5. gr.:

Í stað „Stúdentablaðinu“ komi í dagblöðum.

3. Breytingatillaga við 6. gr.:

Liður 4. hljóði svo: Nýkjörin stjórn tekur við.

Þá bætist aftan við greinina svohljóðandi setning: Tillögur til lagabreytinga, ef fram hafa komið, verða aðeins bornar upp, hafi þær borizt stjórn félagsins fyrir ákveðinn auglýstan frest, en eigi er hún bundin sjálf.“

Fyrsta tillagan var samþykkt með 89 atkvæðum, en mótatkvæði voru 63 eða 67. Önnur tillagan var samþykkt með 85 atkvæðum gegn 72, og þriðja tillagan var samþykkt með 92 atkvæðum gegn 82. Breytingartillögur við lög félagsins voru alls fjórar. Þegar lokið var atkvæðagreiðslu um þriðju breytingartillöguna, var

komin mikil ókyrrð í fundarsalnum, og frestaði fundarstjóri þá aðalfundinum um óákveðinn tíma.

Ofangreindar upplýsingar um aðalfundinn 1976 eru byggðar á fundargerðum þeirra Hannesar Gissurarsonar og Eiríks Brynjólfssonar, sem báðar liggja frammi í málinu. Varðandi lok fundarins er í fundargerð Hannesar svo frá skýrt:

„Fundarstjóra barst dagskrártillaga um vantraust á fundarstjóra frá Gylfa Kristinssyni og önnur dagskrártillaga um, að atkvæðagreiðsla yrði endurtekin skriflega um lagabreytingartillögurnar, frá Skúla Thoroddsen, á meðan á atkvæðagreiðslu stóð. Honum barst einnig bókun frá Arnlínu Óladóttur:

„Ég undirrituð véfengi lögmæti þeirrar atkvæðagreiðslu, sem hér fer fram, því ekki hefur verið gengið úr skugga um, að allir hafi atkvæðisrétt á fundinum.“

Þess má geta, að nokkur hluti fundarmanna sat eftir, er fundinum hafði verið frestað, og hélt umræðum áfram.“

Eftir að Eiríkur Brynjólfsson hafði í sinni fundargerð gert grein fyrir síðustu atkvæðagreiðslunni, hefur hann bókað: „Komst nokkuð los á fundinn, meðan á atkvæðagreiðslu þessari stóð. Eftir hana kom hörð gagnrýni á fundarstjóra sökum óróa, er var á fundinum, og á meðan á atkvæðagreiðslu stóð, bárust tvær dagskrártillögur, þar á meðal ein, sem fjallaði um vantraust á fundarstjóra. Sleit þá fundarstjóri fundinum og kvaðst mundu boða til framhaldsaðalfundar seinna. Mótmæltu margir fundarmenn þessari ákvörðun, og munaði minnstu, að til átaka kæmi meðal fundarmanna. Það fundarstjóri, Kjartan Gunnarsson, Garðar Mýrdal að afhenda sér gögn félagsins, en Garðar Mýrdal neitaði, þar eð hann hefði ekki fengið tækifæri til að gera grein fyrir starfsemi stjórnar sinnar. Hvarf þá Kjartan Gunnarsson af fundinum. Eftir sátu margir fundarmanna, er vildu ekki una sliti fundarins. Er ró var komin á aftur, steig Garðar Mýrdal í pontu og lýsti þeirri skoðun sinni, að athafnir fundarins hefðu verið ólögmætar, og teldi hann sig og stjórn sína ennþá löglega stjórn S.F.H.Í. Sagði hann stjórn sína mundu boða til framhaldsaðalfundar innan háls mánaðar. Urðu nokkrar umræður um atburði þá, er gerst höfðu á fundinum. Að lyktum sleit svo Garðar Mýrdal fundinum öðru sinni.“

Stefndu boðuðu til framhaldsaðalfundar í félaginu með svo-felldri auglýsingu:

„Auglýsing um framhaldsaðalfund

Stjórn Stúdentafélags Háskóla Íslands auglýsir framhaldsaðalfund félagsins kl. 16.00 fimmtudaginn 1. apríl í matsal Félagsstofnunar.

Dagskrá:

1. Skýrsla formanns.
2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykkis.
3. Lagabreytingar.
4. Kosning stjórnar.
5. Kosning endurskoðenda fyrir næsta starfsár.
6. Önnur mál.

Stjórnin lítur svo á, að afgreiðsla mála á aðalfundi hafi verið ólögleg, dagskrá sé lögbundin, og því geti dagskrártillaga ekki breytt.

24. marz 1976. Stjórnin“

Stefnendur kröfðust þess, að lögbann yrði lagt við því, að stefndu héldu þennan boðaða framhaldsaðalfund. Þá kröfðust þeir þess og, að lögbann yrði „lagt við allri frekari starfsemi þeirra í nafni stjórnar Stúdentafélags Háskóla Íslands.“

Stefndu mótmæltu lögbannskröfunni.

Jónas Gústavsson, aðalfulltrúi yfirborgarfégetans í Reykjavík, kvað upp úrskurð í lögbannsmálinu hinn 1. apríl 1976, og segir svo í forsendum úrskurðarins:

„Það er ekki útilokað, að hinn fyrirhugaði fundur, sem er boðað til af gerðarþolum, svo og starfsemi þeirra í nafni Stúdentafélags Háskóla Íslands kunni að vera brot á rétti gerðarbeiðenda. Ber því að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögbannsbeiðnar á ábyrgð gerðarbeiðenda gegn tryggingu af þeirra hálfu, sem þykir hæfilega ákveðin kr. 100.000.-. Málskostnaður fellur niður í lögbannsmáli þessu.“

III.

Stefnandinn *Kjartan Gunnarsson* hefur hér fyrir dómi hinn 17. mars 1977 greint svo frá:

„Ég vil gera athugasemdir við fundargerð Eiríks Brynjólfssonar. Ég mótmæli þeirri fullyrðingu, sem fram kemur í fundargerðinni, að ég hafi hafnað kröfum um skriflegar atkvæðagreiðslur. Formleg krafa um skriflega atkvæðagreiðslu barst ekki, fyrr en atkvæðagreiðsla um 3. lið lagabreytingatillagna stóð yfir. Fjallaði sú krafa um að endurtaka allar fyrri atkvæðagreiðslur á fundinum skriflega. Ekki reyndist unnt að afgreiða þá tillögu,

þar sem fresta varð fundi, áður en til afgreiðslu hennar kom. Í öðru lagi geri ég athugasemd við bókun Arnlíнар Óladóttur, þar sem hún véfengir kosningarrétt fundarmanna og lögmæti fundarins á þeim forsendum, að ekki hafi verið gengið úr skugga um, að allir hefðu atkvæðisrétt á fundinum. Það er ekki siður í Háskóla Íslands að ganga sérstaklega úr skugga um það á sérhverjum fundi, t. d. með því að krefjast innritunarskírteina af stúdentum, að þeir séu skráðir stúdentar. Hef ég aldrei verið á fundi í Háskólanum, þar sem það hefur verið gert. Þá vil ég ítreka það, að ég sem fundarstjóri taldi mér ekki fært að bera ábyrgð á því, að fundarstörf gætu farið fram með eðlilegum hætti vegna óróa og hrindinga, sem hafist höfðu á fundinum, meðan á atkvæðagreiðslu stóð. Til marks um alvarleika þessa óróa vil ég geta þess, að gerð var tilraun til þess að ráðast á mig, er ég hafði frestað fundi, en komið var í veg fyrir þá árás, m. a. af formanni Stúdentaráðs. Þá geri ég athugasemd við síðustu málsgreinarnar í fundargerð Eiríks Brynjólfssonar, þar sem fjallað er um það, sem gerðist, eftir að fundi hafði verið frestað. Það tel ég ekki eiga erindi í fundargerðina. Ég hefi undirritað fundargerð Hannesar Gissurarsonar. Ég tel rétt frá greint í þeirri fundargerð, en vil hins vegar gera þá athugasemd, að ég telji þann smávægilega mun, sem á einum eða tveimur stöðum er á atkvæðatölum í fundargerð Hannesar annars vegar og Eiríks hins vegar, ekki skipta máli. Þar sé um að ræða útskýranlegan mun. Mér voru ekki afhentir neinir reikningar fráfarandi stjórnar, eftir að ég tók við fundarstjórn. Þeim hafði ekki verið dreift til fundarmanna. Mér er ekki persónulega kunnugt um, hvort þeir voru til eða ekki. Ég krafði fráfarandi stjórn ekki um reikningana, enda var ekki komið að þeim lið í dagskránni, eftir að dagskrárbreytingin hafði verið samþykkt. Fráfarandi formanni, Garðari Mýrdal, var sent símskeyti, þar sem hann var boðaður á framhaldsaðalfundinn 1. desember 1976. Ekki hafði öðrum fyrrverandi stjórnarmönnum verið sérstaklega boðið á fundinn, en er á fundinn var komið og taka skyldi fyrir reikninga, var fyrrverandi gjaldkeri félagsins ekki mættur, og Garðar Mýrdal, fyrrverandi formaður, sem mættur var, lagði ekki fram reikninga stjórnar sinnar né gerði hann grein fyrir þeim á annan hátt. Ég tók ekki þátt í samningu fundargerðar Hannesar Gissurarsonar. Ég las hana yfir og undirritaði hana því næst. Ég var í stjórn Stúdentafélags Háskóla Íslands stjórnarárið 1973/1974. Aðalfundurinn 23. mars 1976 var fjölmennur fundur miðað við fundi

stúdenta í Háskóla Íslands. Þetta er fjölmennasti aðalfundur í Stúdentafélagi Háskóla Íslands, sem ég hef verið á. Að gefnu tilefni vil ég taka fram, að köll fundarmanna um, að atkvæðagreiðsla yrði að vera skrifleg og að kanna ætti atkvæðisrétt þeirra, sem á fundinum voru, svo sem bókað er í fundargerð Hannesar Gissurarsonar, hefðu ekki verið formlegar kröfur um skriflega atkvæðagreiðslu, miklu fremur tilraun til að trufla og tefja fundarstörf, enda hefur ekki annað komið fram en að ég hafi samviskusamlega borið upp á fundinum allar tillögur, sem mér bárust skriflega. Vantrausttillagan á mig sem fundarstjóra kom fram skriflega á fundinum. Þessi vantrausttillaga var önnur vantrausttillagan, sem á mig kom á þessum fundi. Hún barst meðan atkvæðagreiðsla um 3. lið lagabreytingatillagna stóð yfir. Vegna óróa og stimpinga á fundinum var honum frestað, er þeirri atkvæðagreiðslu var lokið. Af eðlilegum ástæðum var þessi dagskrártillaga ásamt annari dagskrártillögu um endurtekningu atkvæðagreiðslna ekki borin upp, en þær biðu afgreiðslu framhaldsaðalfundar. Fundardagur framhaldsaðalfundarins 1. desember 1976 var valinn með hliðsjón af því, að þar var um almennan frídag stúdenta að ræða frá skólastörfum.“

Stefnandinn *Geir Waage* gaf hér fyrir dómi hinn 24. mars 1977 svohljóðandi skýrslu:

„Ég mætti örfáum mínútum áður en auglýstur fundur átti að hefjast, en kl. 17.00, þegar fundurinn átti að hefjast, þá voru örfáir menn mættir, mig minnir, að það hafi verið 7. Fundur var ekki settur kl. 5, eins og við gerðum ráð fyrir, heldur fór Garðar Mýrdal að gera grein fyrir tillögu, sem hann kvaðst mundu leggja fram síðar á fundinum. Ég vil ítreka, að þetta var áður en formlegur fundur var settur. Efni þessarar tillögu, sem Garðar kvaðst mundu leggja fram síðar á fundinum, var á þá leið, að hann hygðist leggja til, að dagskrá fundarins yrði breytt þannig, að stjórnarkjör og kjör endurskoðenda yrði látið bíða til framhaldsaðalfundar, sem haldinn yrði síðar í vikunni, skildist mér, eða innan viku. Um það leyti sem hann var að tala um þetta mjög óformlega, ég ítreka það, tók menn að drífa á fundinn, sem haldinn var í mjög litlu herbergi. Um þetta leyti hvarf Garðar Mýrdal og megnið af fráfarandi stjórn og kom ekki aftur fyrr en klukkan var tæplega 20 mínútur yfir 5. Þá var fundurinn settur, og áður en hægt var að halda áfram frekari fundarstörfum, þá varð að flytja fundinn í stærra herbergi. Eftir að fundurinn hafði verið fluttur inn í matsal stúdenta, þá virtist ætla verða nokkur drátt-

ur á, að fundurinn hæfist þar. Fundarstjórinn Garðar Mýrdal gekk um og talaði við menn, og mér virtist fundarstjórn öll og regla á fundinum vera í molum. Það var svo mikil óregla á fundinum, eftir að hann hófst á þessum nýja fundarstað, að mér virtist einsýnt, að fundurinn færi út um þúfur, ef ekkert breyttist. Þessi óregla hélst, eftir að búið var að kjósa nýjan fundarstjóra, svo mér þótti rétt að leggja fram dagskrártillögu þess eðlis, að teknir yrðu fyrir liðir, sem mér þóttu mest áriðandi, að yrðu afgreiddir. Mér þykir rétt að taka fram, að ég sá þá og sé reyndar ekki nú neitt athugavert við það, þó að auglýst dagskrá aðalfundar sé raskað á fundinum sjálfum, sé það eindreginn vilji fundarmanna. Ég vil geta þess, að Garðar Mýrdal reifaði efnislega dagskrártillögu sína, áður en hann setti fundinn, svo mér virðist Garðar Mýrdal þá hafa haft þann skilning, að ekkert væri athugavert við að færa til auglýsta liði dagskrár.“

Vitnið *Hannes Gissurarson* gaf skýrslu hér fyrir dómi 24. mars 1977. Fundargerð vitnisins var sýnd vitninu. Kvaðst vitnið hafa skráð fundargerðina og kvað hana rétta. Aðspurt, hvort það hefði einhverjar athugasemdir að gera við fundargerð Eiríks Brynjólfssonar, svaraði vitnið: „Það eru tvær athugasemdir. Önnur er, að ekki er nákvæmlega greint frá, þegar svo er tekið til orða, að fundarstjóri hafi hafnað kröfum um skriflega atkvæðagreiðslu. Þá er átt við meintar munnlegar kröfur. Því að óp, köll og háreysti einkenndu fundinn, þannig að varla var unnt að greina orðaskil hjá þeim fundarmönnum, sem kölluðu. Seinni athugasemdin er, að ekki kemur nægilega skýrt fram í fundargerðinni, að fundurinn hafði nánast leystst upp. Menn höfðu gert sig líklega til áfloga, stokkið upp á borð, haldið þar ræður, æpt og kallað. Þessar tvær athugasemdir skipta meginmáli, og ónákvæmni í atkvæðagreiðslutölum eru aukaatriði að mínu mati. Til dæmis um upplausnina á fundinum má nefna, að hópur manna hafði þyrpst að fundarstjóra og ritaraborðum. Atli Árnason hafði gert tilraun til að leggja hendur á mig, en verið stöðvaður af Adolf Guðmundssyni. Arnlín Óladóttir hafði stokkið upp á borð og hélt þar ræður, og Páll Baldvinsson kallaði í sífellu og hvatti menn til að sæta ekki því, sem var að gerast. Þessi dæmi sýna að mínu mati, svo að ekki verður um villst, að ekki var völ annars kostnar en þess að slíta fundi. Þar sem ég greindi orðaskil í málflutningi framíkalismanna, voru þau tilraunir til að hleypa fundinum upp með því að tína til það, sem athugavert kynni að þykja um fundinn. En á fundinum hugkvæmdist þeim ekki þau

rökin, að flutningur stjórnarkjörs fremst á fundinn kynni að valda óhagræði, og virðist mér því sem almennur fundarmaður, að þau rökin séu tilbúin eftir á. Af gefnu tilefni frá lögmanni stefndu tek ég fram, að vissulega mátti oft greina orðaskil á fundinum í máli upphlaupsmannanna. Mig minnir fastlega, að einhver hrópin úr salnum hafi falið í sér kröfu um skriflega atkvæðagreiðslu, en ég tek fram einnig og vísa til reynslu af félagsstörfum, að gera ber strangan greinarmun á ósk um tiltekinn afgreiðsluhátt á venjulegum fundi og samhengislausum ópum og köllum, sem eru til þess eins bersýnilega að hleypa fundum upp.“

Stefndi *Garðar Mýrdal* hefur hér fyrir dómi 17. mars 1977 skýrt svo frá: „Mitt mat er það, að fundarstjóri á fundinum 23. mars 1976, Kjartan Gunnarsson, hafi séð, þegar líða tók á fundinn, að hann og fylgismenn hans voru komnir í minnihluta. Það lá fyrir vantraust á fundarstjóra, þegar fundarstjóri sleit fundi. Hann ber því sjálfur við, að verið hafi ólæti á fundinum, en það hefði varla þurft meira en 5 mínútna fundarhlé til að róa þau niður. Ókyrrðin á fundinum fólst í því, að einhverjir fundarmenn töldu, að fundarstjóri hefði ekki staðið rétt að atkvæðagreiðslu um lagabreytingar. Einnig var að streyma að nýtt fólk, svo það var nokkur umgangur. Ég minnst þess ekki, að fundarstjóri hafi áminnt fundarmenn um að hafa hljóð í salnum. Ég man hins vegar, að fundarstjóri hafnaði öllum beiðnum um skriflegar atkvæðagreiðslur á fundinum. Ég bað ekki sjálfur um skriflegar atkvæðagreiðslur, en ég þykist muna nöfn á tveimur fundarmanna, en við nánari athugun er ég ekki viss um, að muna nema einn, en það var Gylfi Kristinsson, laganemi. Ég man, að það var varðandi þann lið, sem nefnist lagabreytingar. Ég vil taka fram, að ég tel það valdniðslu gagnvart fundarmönnum að neyða þá til þess að taka afstöðu til stjórnarkjörs, áður en þeir höfðu heyrt skýrslu fráfarandi formanns og niðurstöður reikninga. Reikningar fyrir árið 1975 til 1976 voru til staðar, og voru þeir endurskoðaðir, að vísu með athugasemdum.“

Stefndi *Eiríkur Brynjólfsson* hefur hér fyrir dómi hinn 17. mars 1977 lýst því yfir, að í fundargerð hans sé rétt frá greint frá því, sem á fundinum gerðist. Hann kveðst hafa borið uppkast að fundargerðinni undir Skúla Thoroddsen háskólanema og *Garðar Mýrdal* og því næst gengið frá henni. Hann segir, að þeir hafi engar verulegar athugasemdir gert við uppkastið, en hann kveðst ekki hafa munað nákvæmlega öll atriðin og því borið þau undir þá.

Hann segir, að einhverjar breytingar hafi orðið á fundargerðinni frá uppkastinu, en hann kveðst nú ekki muna, í hverju þær breytingar voru fölgjar.

IV.

Þess skal getið, að stefnendur boðuðu til framhaldsaðalfundar í Stúdentafélagi Háskóla Íslands, kl. 1430, hinn 1. desember 1976. Stefndu kröfðust þess, að lögbann yrði lagt við þessum framhaldsaðalfundi. Ólafur Sigurgeirsson, fulltrúi yfirborgarfégeta, kvað upp úrskurð samdægurs í því ágreiningsefni með svofelldri niðurstöðu:

„Því úrskurðast:

Umbeðið lögbann á aðalfund Stúdentafélags H.Í. skal ná fram að ganga gegn 100.000.- króna tryggingu á ábyrgð gerðarbeiðenda. Málskostnaður fellur niður.“

Í þinghaldi 24. mars 1977 fékk lögmaður stefndu bókað: „Samkvæmt aukablaði af Stúdentablaðinu, sem kom út 23. mars 1977, hafa 35 stúdentar við Háskóla Íslands með stöð í samþykktum Stúdentafélags Háskóla Íslands auglýst aðalfund í félaginu hinn 31. mars 1977 kl. 15:30 í matsal Félagsstofnunar stúdenta. Er aðalfundarboðun þessi rökstudd með því, að báðar stjórnir félagsins, sem nú gera tilkall til að vera nefndar slíkar, eru í gagnkvæmu lögbanni og fá ekki komið fram fundarhöldum í félaginu. Er dagskrá þessa aðalfundar boðuð með þeim hætti sem segir í 7. gr. samþykktu félagsins. Einnig vil ég upplýsa það hér fyrir réttinum, að á fundi Stúdentaráðs Háskóla Íslands var 19. mars s.l. samþykkt mótatkvæðalaust eftirfarandi ályktun: „Stúdentaráð Háskóla Íslands lýsir yfir stuðningi við boðun aðalfundar Stúdentafélags Háskóla Íslands 31. mars 1977, sem almennir félagsmenn hafa staðið að. Stúdentaráð telur eðlilegast að gert verði lýðræðislega út um málið á fundi í Háskóla Íslands.“ Bókun þessi er gerð til að upplýsa réttinn um framgang félagsmála Stúdentafélags Háskóla Íslands, en eftir örfáa daga rennur út, að samþykktum félagsins, kjörtímabil beggja þeirra aðila, sem hingað til hafa gert kröfu til að vera stjórnir í félagsskap þessum.“

Umboðsmaður stefnenda fékk bókað: „Fundarboð það, sem lögmaður stefndu hefur nú gert að umtalsefni, sbr. dskj. nr. 18, á sér enga stöð í lögum Stúdentafélags Háskóla Íslands og er algjör markleysa.“

V.

Stefnendur styðja kröfugerð sína á þeim sjónarmiðum, að aðalfundur Stúdentafélags Háskóla Íslands, haldinn 23. mars 1976, hafi verið lögmætur. Stjórnin, sem þá var kjörin, hafi tekið við völdum í félaginu að stjórnarkjöri loknu. Af því leiði, að fyrrverandi stjórn félagsins, það er sú stjórn, er stefndu skipuðu, hafi verið óheimilt að koma fram í nafni löglegrar stjórnar félagsins, eftir að stjórnarskipti urðu, og hafi slík háttsemi falið í sér rétt arbrot gagnvart stefnendum bæði samkvæmt félagslögum Stúdentafélags Háskóla Íslands og samkvæmt almennum lagareglum.

Að því er varðar breytingu á röð dagskrárliða með dagskrártillögu benda stefnendur á, að í 6. grein laga Stúdentafélags Háskóla Íslands sé fjallað um efnislegt inntak aðalfundar. Ákvæðið sé að því leyti bindandi fyrir stjórn félagsins og aðalfund, að hvorki megi auka við efni aðalfundar né fella niður efnisþætti nema að undangenginni lagabreytingu, samanber ákvæði greinarinnar „skal vera . . .“. Töluröð dagskrárliða í nefndri lagagrein beri hins vegar að skoða sem tillögur að röð dagskrárliða á aðalfundi og geti aðalfundur breytt þeirri röð að eigin vild, til dæmis með dagskrártillögu. Styðjist þessi skoðun við valdsvið aðalfundar sem æðsta valds í málefnum félags, orðalag 6. greinar laga Stúdentafélags Háskóla Íslands, eðli dagskrártillagna, skoðanir fræðimanna á sviði félagaréttar og viðteknar venjur. Yrði það hins vegar álit réttarins, að störf margnefnds aðalfundar hafi að einhverju leyti farið í bága við lög félagsins, sé því mótmælt, að slíkt varði ógildingu aðalfundarins að einhverju eða öllu leyti eða að slíkt svipti stefnendur umboði sem lögleg stjórn Stúdentafélags Háskóla Íslands.

Við hinn munnlega málflutning var því einnig haldið fram, að fari svo, að dómurinn teldi, að ekki hefði mátt breyta röðun dagskrárliða, þá hafi stefndu firrt sig rétti til að bera þessa málsvörn fyrir sig með því að hafa ekki uppi strax sérstök mótmæli gegn breytingunni. Slíkt aðgerðarleysi verði að koma þeim í koll og styðjist þessi niðurstaða við dóma, sem gengið hafi hér á landi í svipuðum málum.

VI.

Stefndu styðja kröfur sínar þeim rökum fyrst og fremst, að 6. grein laga félagsins hafi að geyma skýlaus ákvæði um dagskrá aðalfundar. Dagskrárliðir aðalfundar og röð þeirra séu þar lög-

ákveðnir og frá þeim verði ekki vikið með lögmætum hætti nema að undangenginni lagabreytingu. Þessir dagskrárliðir séu nauðsynlegir eðlilegri stjórnun félagsskaparins og séu til þess fallnir að skapa festu og reglu í starfsemi félagsins. Röð dagskrárliðanna sé engin tilviljun, heldur rökrétt fyrir eðlileg aðalfundarstörf. Á aðalfundi beri að líta um öxl, meta starf og starfsaðstæður liðins árs, yfirfara og afgreiða reikninga liðins árs og tengja þetta framtíðinni með því að gera framtíðarráðstafanir fyrir næsta ár, lagabreytingar, ef ástæða er til, og kjósa félaginu nýja stjórn og endurskoðendur.

Allir sjái í hendi sér þá afskræmingu rétttra aðalfundarstarfa, ef ný stjórn er kosin, áður en hin fyrri skilar af sér störfum og reikningshaldi, en það hafi einmitt gerst á margnefndum aðalfundi. Fráfarandi stjórn hafi ekki fengið að skila af sér störfum. Hún hafi ekki fengið að gefa skýrslu um starf sitt og ekki fengið að leggja fram reikninga félagsins, sem þó hafi legið fyrir endurskoðaðir, áður en tekið var til við kosningu stjórnar og lagabreytingar. Þessi vinnubrögð og framkvæmd aðalfundarstarfa hafi verið löglaus með öllu. Það séu grundvallarréttindi félagsmanns í svona félagi að fá að heyra skýrslu fráfarandi stjórnar um starf hennar eða starfsleysi, fá að ræða hana, spyrja um einstaka þætti hennar og kynnst starfsaðstöðu félagsins, áður en hann velur nýja stjórnendur eða gerir nauðsynlegar lagabreytingar. Það séu einnig grundvallarréttindi félagsmanna í svona félagi að fá að kynna sér efnahagsstöðu félagsins í endurskoðuðum reikningum liðins árs og meta meðferð fráfarandi stjórnar á eignum félagsins, áður en hann tekur afstöðu til þeirra, sem bjóða sig fram til stjórnarstarfa fyrir félagið. Þessi grundvallarréttindi hafi verið brotin á aðalfundinum 23. mars 1976, svo sem ljóst megi vera af gögnum málsins. Og lögbannsmálið snúist um það fyrst og fremst, hvort aðalfundinum hafi verið heimilt að hafa endaskipti á 6. grein félagslaganna eða ekki, en svarið við þeirri spurningu sé að sjálfsögðu neitandi. Séu þá hafðar í huga réttar lögskýringar, eðli máls og grundvallarreglur um almenn félagsréttindi svo og álit fræðimanna.

Hinni lögmætu fráfarandi stjórn, sem stefndu skipuðu, hafi því borið, eins og hún gerði, að efna til framhaldsaðalfundar og freista þess að koma hlutunum löglega fram. Það hafi stjórnin gert með boðun framhaldsaðalfundarins 1. apríl 1976, en þá hafi hin löglause stjórn, sem stefnendur skipuðu, gripið til þess að fá lögbann lagt við því framtaki. Þetta lögbann beri að fella

úr gildi, þar sem stefnendur hafi ekki hlotið lögformlegt umboð til að fara með stjórn í félaginu.

Þrátt fyrir orðalag kröfugerðar stefndu verður að skýra málflutning af hálfu stefndu þannig, að þeir mótmæli gildi aðalfundarins frá því, að röð dagskrárliða var breytt. Er því einnig haldið fram af stefndu, að dómstóll eigi að ógilda allar ákvarðanir félagsfundar, sem byggjast á því, að lög félags séu brotin, en það hafi einmitt gerst á umræddum aðalfundi með því að kúvenda lögskipuðum dagskrárliðum aðalfundarins, enda hafi ákvarðanir slíks fundar ekki aðeins verið ógildanlegar heldur ógildar (nullitet).

VII.

Eigi er ágreiningur um það, að stefndu voru löglega kjörnir stjórnendur Stúdentafélags Háskóla Íslands, þegar þeir boðuðu til aðalfundar félagsins, sem haldinn var 23. mars 1976. Það er heldur ekki um það deilt, að boðun fundarins hafi verið rétt samkvæmt lögum félagsins. Þá er ekki vefengt, að sú samþykkt fundarins að víkja skipuðum fundarstjóra, Jóni Guðna Kristjánsyni, úr starfi og kjósa Kjartan Gunnarsson sem fundarstjóra í hans stað, hafi verið lögleg ráðstöfun. Sú ákvörðun hins nýja fundarstjóra að skipa Hannes Gissurarson til þess að vera fundaritari með Eiríki Brynjólfssyni var og eðlileg og sætti ekki, svo séð verði, neinum andmælum. Fóru fundarstörfin þannig fram með eðlilegum hætti, þar til kom að dagskrártillögu Geirs Waage.

Í kafla II hér að framan er gerð grein fyrir auglýsingu stefndu um aðalfundinn 23. mars 1976 og 6. grein laga félagsins.

Fallast ber á með stefndu, að 6. gr. félagslaganna hafi að geyma skýlaus ákvæði um dagskrá aðalfundar félagsins, bæði um dagskrárliði og röðun þeirra. Hin auglýsta dagskrá var og í fullu samræmi við ákvæði 6. gr. Telja verður, eins og á stóð, að ekki hafi verið heimilt að láta kosningu stjórnar fram fara, fyrr en dagskrárliðir nr. 1—3 höfðu verið teknir fyrir, enda er ósannað, að ótvíræð venja, eðli máls eða almennar reglur um félagsfundi standi þessari skýringu í vegi.

Fundarstjóra bar því að benda fundarmönnum á, að dagskrártillaga Geirs Waage bryti í bága við lög félagsins. Það gerði hann ekki, heldur lét greiða atkvæði um dagskrártillöguna og breytti því næst dagskrárliðum í samræmi við hana, en það var, svo sem fyrr greinir, brot á 6. gr. félagslaganna.

Gögn málsins, þar á meðal vantrauststillaga á fundarstjóra

strax að kosningu stjórnar lokinni, gefa glöggð til kynna, að þessi málsmeðferð á fundinum sætti miklum mótmælum. Þegar þessi mótmæli eru virt svo og það, að stefndu boðuðu strax til framhaldsaðalfundar, þá verður eigi á það fallist með stefnendum, að stefndu hafi sýnt af sér aðgerðarleysi, sem máli skipti.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður ekki fallist á það með stefnendum, að þeir hafi hlotið lögmæta kosningu sem stjórnendur félagsins á fundinum.

Fyrsti kröfuliður stefnenda þess efnis, „að aðalfundur Stúdentafélags Háskóla Íslands, haldinn þ. 23. marz 1976, hafi verið löglegur,“ verður því aðeins tekinn til greina þannig, að aðalfundurinn telst hafa verið löglegur, þar til fundarstjóri féllst á að breyta röð dagskrárliða.

Samkvæmt framangreindum úrslitum fengu stefnendur ekki umboð til að fara með stjórn félagsins. Er því ekki unnt að taka annan kröfulið stefnenda til greina, og þer að sýkna stefndu af þeirri kröfu, sem þar kemur fram.

Þá þer og samkvæmt ofangreindum rökum að fella niður lögþann það, sem stefnendur lögðu við framhaldsaðalfundi þeim, sem stefndu boðuðu til hinn 1. apríl 1976, svo og við allri frekari starfsemi stefndu í nafni stjórnar Stúdentafélags Háskóla Íslands.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Framangreindur aðalfundur Stúdentafélags Háskóla Íslands haldinn 23. mars 1976 telst hafa verið löglegur, þar til fundarstjóri féllst á að breyta röð dagskrárliða.

Krafa stefnenda samkvæmt kröfulið 2 er ekki tekin til greina.

Framangreint lögþann er felld úr gildi.

Málskostnaður fellur niður.